



HANDBÓK FYRIR SAMFÉLAGSLÖGGUNA



LÖGREGLAN



LÚLLI LÖGGUBANGSI



Texti, hönnun og umbrot:

Stefán Birgir Stefáns (sbs@sbs.is)

EFNISYFIRLIT

KAFLI 1	SAMVINNA.....	1
	SAMVINNA SKÓLA OG LÖGREGLU	2
	ÁVINNINGUR	2
	RÉTTLÆTI OG SANNGIRNI Í MEÐFERÐ MÁLA	4
	HVERNIG SKILAR LÖGREGLAN MESTUM ÁVINNINGI?	4
	AÐ VELJA MÁLEFNI Í SAMEININGU	6
KAFLI 2	GÁTLISTI OG LYKILREGLUR.....	7
	MARKMIÐ HEIMSÓKNAR	8
	SAMSTARF LÖGREGLU OG KENNARA	8
	EFNIÐ ÞARF AÐ VERA KYNNT Í SAMHENGÍ	9
	ÞARFIR NEMENDA GANGA FYRIR.....	9
	AÐ STYRKJA NEMENDUR OG SKAPA JÁKVÆÐ VIÐHORF.....	11
	AÐ GERA HEIMSÓKNINA GAGNVIRKA	12
	AÐ META KENNSLUSTUND	13
KAFLI 3	HEIMSÓKNIN.....	15
	GAGNLEG HEIMSÓKN Í ÖRUGGU NÁMSUMHVERFI	16
	SPURNINGAR ERU LYKILLINN	17
	JÁKVÆÐ FÉLAGSLEG VIÐMIÐ.....	18
	REYNDU AÐ FORÐAST DRAMATÍK OG ÖFGAR.....	19
	AÐ FRÆÐA UM EFNI FREKAR EN AÐ KENNA HEGÐUN	21
	AÐ NOTA REYNSLUSÖGUR	21
	HEIMSÓKNIN OG ÞVÍ SEM HENNI FYLGIR.....	23
	HVERT GETA NEMENDUR LEITAÐ?	24
KAFLI 4	ÁSKORANIR	25
	GOTT SAMSTARF ER BYGGT Á GÓÐUM GRUNNI	26
	UPPLÝSINGAGJÖF	26
	KREFJANDI HEGÐUN NEMENDA.....	27
	BREYTINGAR Á STARFSFÓLKI.....	28
KAFLI 5	GÁTLISTI OG LYKILREGLUR.....	29
	GÁTLISTI FYRIR LÖGREGLUMANN.....	30
	GÁTLISTI FYRIR SKÓLA.....	31
	LYKILREGLUR FYRIR ÁRANGURSRÍKT SAMSTARF	32

SAMVINNA

Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar forvarnir, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn, t.d. net- og spilafíkn. Mikilvægt er að allir grunnskólar komi sér upp forvarnaráætlun sem birt er í skólanámskrá. Í forvarnaráætlun skal m.a. vera áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefna í agastjórnun. Einnig skal koma fram með hvaða hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál koma upp.

Aðalnámskrá Grunnskóla - Kafi 7 - Náin og kennsla

SAMVINNA SKÓLA OG LÖGREGLU

Góð samvinna milli skóla og lögreglu er til hagsbóta fyrir lögreglu, kennara, nemendur og samfélagið í heild sinni.

SAMVINNAN FELUR MEÐAL ANNARS Í SÉR:

Skipulagðar formlegar heimsóknir í bekki þar sem farið er yfir einstaka málefni sem eiga við fyrir aldur nemenda jafnt og málefni sem eiga við líðandi stundu (eins og ef aukin drykkja er meðal aldurshóps í vissu sveitarfélagi).

Óformlegar heimsóknir í skóla, félagsmiðstöðvar og aðra staði þar sem ungt fólk myndar hópa þar sem lögreglan er með það eina markmið að kynnast og spjalla við nemendur og starfsfólk.

Aðstoð þegar kennari eða námsráðgjafi biður um að lögreglumaður komi til að ræða einstaka atburði eða við einstaka nemendur.

Þetta er langt frá því að vera tæmandi listi og er jákvætt ef lögreglumaður í hlutverki samfélagslöggu skoði og nýti tækifærið ef aðrar leiðir til samvinnu koma upp.

ÁVINNINGUR

ÁVINNINGUR FYRIR LÖGREGLU

Skólar eru jákvætt rými fyrir lögreglu til að eiga samskipti við nemendur. Þessi samskipti stuðla að því að brjóta niður hindranir í sambandi lögreglu við ungt fólk.

Að koma upplýsingum og skilaboðum til hópa af ungu fólki getur aukið vitund þeirra um staðbundin málefni, starf lögreglunnar eða veitt útrás fyrir áhyggjur sem það kann að hafa.

Að upplýsa nemendur um málefni sem tengjast glæpum, persónulegu öryggi og réttindum þeirra mun vonandi minnka líkur á að þau taki þátt í neikvæðri hegðun, eins og glæpum, í framtíðinni.

Samstillt nálgun lögreglu og skóla um öfluga upplýsingagjöf frá unga aldri og skilvirk íhlutun þegar vandamál koma upp geta verndað ungmenni frá, eða minnkað, skaða sem þau verða fyrir.

Vonin er að öflug samfélagslögga minnki þörf á íhlutun lögreglu þegar til lengri tíma er litið.

ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLA

Lögreglumenn hafa sérþekkingu og reynslu sem kennarar hafa almennt ekki, alveg eins og kennarar hafa sérþekkingu og reynslu sem lögreglumenn hafa almennt ekki. Með því að nýta hæfni beggja er hægt að hjálpa nemendum meira en ella.

Að fá gest inn í skólastofuna er nýjung sem getur bætt þátttöku í náminu og hjálpað nemendum að muna efni heimsóknarinnar betur en ef málefnið hefði verið rætt eins og í öllum öðrum tímum.

Lögreglumaður getur bætt rödd yfirvalds frá sjónarhorni laganna inn í efni sem nemendur eru að takast á við í náminu.

Lögreglumaður er í stakk búinn til að útskýra löggæslu og lög, hlutverk lögreglu í samfélaginu og réttarvörsluferfið.

Einnig getur lögreglumaður útskýrt réttindi ungmenna út frá lögum og hjálpað við að undirbúa þau fyrir fullorðinsárin.

Það ber að nefna að langflestir skólastjórnendur og kennarar vilja nýta krafta lögreglunnar og þá sérstaklega í forvarnarstarfi. Lögreglumaður getur því verið óhræddur að koma með hugmyndir og ræða hvað hann getur gert til að efla samvinnu einstaka skóla við lögreglu.

ÁVINNINGUR FYRIR NEMENDUR

Að hitta lögreglumenn í kennslustofu getur hjálpað nemendum að þróa jákvæð tengsl við lögregluna og byggja upp traust við hana í stýrðu og öruggu umhverfi.

Jákvæð kynni af lögreglu geta breytt viðhorfi ungs fólks til lögreglunnar og leiðrétt misskilning um hvernig lögreglan á Íslandi er. Það á sérstaklega við ef einu upplýsingarnar sem ungmennin hafa eru úr kvikmyndum, þáttum eða TikTok og þá oftast af lögreglunni í Bandaríkjunum.

Þessi reynsla getur hjálpað börnum og ungmennum að mynda traust til lögreglunnar sem auðveldar þeim að biðja lögregluna um aðstoð þegar þau þurfa á henni að halda.

Hluti af því að byggja þetta traust er að útskýra fyrir þeim hvað gerist þegar þú talar við lögregluna, hver séu næstu skref, við hverju þau mega búast og svo framvegis. Þekking á ferlinu gerir það minna ógnvekjandi.

Þessi ávinningur kemur samt ekki af sjálfu sér og er mikilvægt að lögreglumaður nýti sér upplýsingarnar í þessari handbók til þess að auka líkurnar á að hver heimsókn nýtist sem best.

RÉTTLÆTI OG SANNGIRNI Í MEÐFERÐ MÁLA

Rannsóknir sýna að þegar fólk á í samskiptum við lögregluna þá skiptir oft meira máli fyrir það hvernig lögreglan kom fram við það heldur en niðurstaðan.

Dæmi: Innbrot var framið í heimahúsi. Lögreglan kemur á vettvang og ræðir við heimafolk. Það að fólkinu finnist að lögreglan hafi hlustað á það, sýnt því skilning og virðingu hefur meiri áhrif á mat fólksins á lögreglunni en að þýfið finnist.

Fólk gerir sér grein fyrir valdinu sem lögreglumenn hafa og kann að meta það þegar lögreglan sýnir að valdinu sé beitt af sanngirni og heiðarleika og að það sé gegnsætt og óhlutdrægt. Fólk er líka oft fljótt að átta sig á því ef það er ekki verið að hlusta á það eða ef verið er að sýna því litla virðingu. Þetta á líka við um ungt fólk og börn.

Tilfinning fyrir réttlæti og sanngirni í málsmeðferð í samskiptum við lögreglu eykur líkurnar á því að einstaklingar:

- » sætti sig við ákvarðanir sem eru teknar af lögreglu í kjölfarið.
- » samþykki niðurstöðu mála.
- » líti á að lögreglan sé áreiðanleg og lögmæt.
- » telji rétt að vinna með lögreglunni.
- » fari eftir lögum.

Góð samskipti veita einnig tilfinningu fyrir því að einstaklingurinn sé metinn að verðleikum og sé hluti af samfélaginu en ekki utan þess.

Heimsókn lögreglu í leikskóla eða grunnskóla eru nær alltaf fyrstu samskipti barna við lögreglumenn. Góð fyrstu kynni þar sem að nemendur finna fyrir því að verið sé að tala við þau af heiðarleika og sanngirni geta því haft langtíma samfélagslegan ávinning umfram þau beinu áhrif af því sem lögreglumaðurinn er í heimsókn til að ræða um.

HVERNIG SKILAR LÖGREGLAN MESTUM ÁVINNINGI?

Tími allra er verðmætur og því viljum við auðvitað nýta hann sem best þegar lögregla fer í heimsókn í skóla. Það gæti virst í fyrstu að mesti ávinningur kæmi af heimsókn ef sem flestir nemendur fá að vera hluti af henni en það er ekki endilega rétt. Það eru mismunandi ávinningar og áskoranir sem fylgja bæði heimsókn í einstaka bekk og fyrirlestrum fyrir marga bekk í einu.

Eins og sjá má á töflunni á næstu síðu, þá er mesti

ávinningurinn alltaf að heimsækja bekk þar sem lögreglumaður hefur tækifæri á að tengjast nemendum og kennurum og getur gefið þeim upplýsingar og fræðslu á persónulegri máta.

Það geta komið upp tilfelli þar sem það hentar betur að halda fyrirlestur í sal, eins og ef viss vandamál koma upp sem lögreglan þarf að gefa upplýsingar um til sem flestra nemenda, en heimsóknir ættu almennt að vera í kennslustofu frekar en samkomusal.

LÖGREGLAN HELDUR FYRIRLESTUR Í SAMKOMUSAL

JÁKVÆTT

- » Lögreglumaður getur náð til fjölda nemenda í einni heimsókn, sem getur verið hentugt til dæmis ef það þarf að koma upplýsingum á skjóttan hátt til nemenda.

NEIKVÆTT

- » Engin tækifæri fyrir lögreglumann og nemendur til að eiga samskipti.
- » Erfitt að koma skilaboðum á framfæri á viðeigandi hátt þegar mikill fjöldi af mismunandi ungu fólki er að hlusta, öll með mismunandi skilning og reynslu.
- » Erfiðara að taka tillit til nemenda sem eru viðkvæmari fyrir málefnum en aðrir.
- » Gefur nemendum lítil eða engin tækifæri til að spyrja spurninga eða leita frekari aðstoðar.
- » Miklu erfiðara að halda áhuga nemendum á efnum.
- » Ólíklegt að fyrirlesturinn hafi viðvarandi áhrif á viðhorf nemenda eða hegðun þeirra.

LÖGREGLAN FER Í HEIMSÓKN Í KENNSLUSTUND

JÁKVÆTT

- » Betri námsupplifun fyrir flesta nemendur sem getur haft áhrif á viðhorf og hegðun nemenda.
- » Veitir lögreglu og nemendum tækifæri til að eiga jákvæð einstaklingssamskipti.
- » Heimsókn getur verið sniðin að einstaka hópum.
- » Tækifæri til að tengjast nemendum og kennurum.
- » Situr oftast eftir hjá nemenda frekar en að gleymast strax eins og fyrirlestrar í sal eiga til að gera.

NEIKVÆTT

- » Krefst meiri undirbúnings.
- » Getur verið krefjandi.

AÐ VELJA MÁLEFNI Í SAMEININGU

SPURNINGAR TIL AÐ SPYRJA SIG ÞEGAR EFNI ER VALIÐ

- » Eru bæði lögreglumaður og kennari sátt um viðfangsefnið?
- » Skiptir efnið máli í samhengi við nærumhverfi skólans?
- » Er líklegt að efnið eigi erindi við meirihluta ungmenna á þessum aldri? (til dæmis ekki bara eitt eða tvö sjaldgæf tilvik af vandamáli sem kom upp).
- » Getur lögreglumaður lagt til umtalsverða sérfræðipækkingu og reynslu fyrir þetta umræðuefni og er því betur búinn að ræða það heldur en kennarinn?
- » Er hægt að tengja efnið við annað sem nemendur hafa lært?
- » Hefur lögreglumaður áður talað við þennan bekk/árgang um þetta málefni?

Ef svarið við einhverri af þessum spurningum er „nei“ þá gæti verið sniðugt að skoða listann yfir málefni aftur og athuga hvort annað eigi betur við.

NOKKUR MÁLEFNI SEM EIGA ALLTAF VIÐ FYRIR RÉTTA ALDURSHÓPA.

- » Hlutverk lögreglu (gagnast í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, sérstaklega fyrir útskriftarnemendur sem hafa áhuga á framtíð í lögreglustarfi)
- » Umferðaröryggi.
- » Samþykki.
- » Persónulegt öryggi.
- » Ofbeldi og andfélagsleg hegðun.
- » Áfengi- og fíkniefni.
- » Stafræn brot.
- » Kynferðisbrot og stafræn kynferðisbrot.
- » Hvar hægt er að fá stuðning/hjálp.

GÁTLISTI OG LYKILREGLUR

Með því að nýta sér agaðar samræður og vönduð kennslugögn er nemendum gefinn kostur á að takast á við mikilvægar en umdeildar spurningar um möguleg lífskjör, farsæld einstaklinga og samfélaga í fortíð, nútíð og framtíð.

Aðalnámskrá Grunnskóla - Kafli 24 – Samfélagsgreinar

MARKMIÐ HEIMSÓKNAR

„Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.“ Aðalnámskrá grunnskóla, Kafi 8 - Inntak og skipulag náms

Heimsókn lögreglu í kennslustund þarf að hafa skýr markmið. Markmiðin þurfa ekki að vera flókin og geta einfaldlega verið hvaða upplýsingar nemendur eiga að fá eða hvað nemendur eiga að kunna að gera eftir heimsóknina.

Eftir því sem markmiðin eru skýrari því auðveldara er fyrir lögreglu og kennara að meta hversu árangursrík heimsóknin var.

Mikilvægt er að muna að heimsóknin er ekki til að hræða, heldur til að hjálpa og fræða.

DÆMI UM MARKMIÐ:

Efni: Hlutverk lögreglunnar

Markmið:

- » Nemendur geta lýst hlutverki lögreglunnar í samfélaginu.
- » Nemendur geta nefnt dæmi um dagleg störf sem lögreglan sinnir.
- » Nemendur geta lýst eða sýnt hvernig á að leita aðstoðar hjá lögreglu.

SAMSTARF LÖGREGLU OG KENNARA

Til þess að heimsóknin nýtist nemendum sem best er mikilvægt að það sé samráð milli kennara og lögreglu við skipulagninguna. Lögreglumaður á að vera óhræddur við að nýta sér sérfræðipækkingu kennarans, jafnt og að kennarinn á að nýta sér reynslu og þekkingu lögreglumannsins.

GOTT ER AÐ HAFI Í HUGA:

Hvað ætti efni heimsóknarinnar að vera? Það eru mörg efni sem koma til greina og sum henta betur á vissum tíma en önnur, sérstaklega ef vandamál eða atburðir hafa komið upp í skólanum.

Hvernig tengist efni heimsóknar því sem nemendur hafa lært og munu læra?

Hvernig getur efni heimsóknar tengst námsefni nemenda beint?

Hverjar eru verklagsreglur og stefna skólans þegar kemur að efninu?

Hvernig er hægt að koma efninu til skila svo það henti þessum hópi nemenda best? Nemendur er alls konar. Kennari getur gefið innsýn í hópinn sem hjálpar lögreglumanni að meta hvernig best er að auka núverandi skilning nemenda á efninu.

Eru einhverjir nemendur sem þurfa meiri aðstoð en aðrir?

EFNIÐ ÞARF AÐ VERA KYNNT Í SAMHENG

Heimsókn í eina eða tvær kennslustundir skilur lítið eftir sig ef efnið er ekki kynnt í samhengi við það sem nemendur eru að læra, og helst viðburði og hluti sem tengjast lífi nemenda.

DÆMI UM MÁLEFNI: VÍMUEFNI

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla ber skólum að hafa áætlun um áfengis- og fíknivarnir í skólanámskrá. Hjá allflestum skólum er hægt að nálgast skólanámskrá á vefsíðu skólans.

Lögreglumaður ætti að kynna sér þessa áætlun og ræða við kennara um hvað hefur verið fjallað um nú þegar í tíma sem tengist vímuefnum.

Ef nemendur hafa fengið fræðslu um persónulegar og heilsufarslegar afleiðingar vímuefnaneyslu, þá er óþarfi endurtaka það. Hægt væri frekar að fjalla um hvernig lögreglan tekur á svona málum.

- » Hvað gerist ef þú ert stöðvaður og lögreglan finnur á þér vímuefni?
- » Tekur lögreglan eins á öllum tegundum vímuefna?
- » Hvaða lagalegar afleiðingar hefur vímuefnaneysla í för með sér?

Mikilvægt er að muna að lögreglan er ekki að fara í heimsóknir í skóla til að hræða nemendur eða til að gefa þeim hugmyndir, heldur til að hjálpa og fræða.

Gott er því að minna nemendur á að ef þau vilja tala við einhvern varðandi fíkniefnanotkun, þá geta þau haft samband við lögreglumanninn sjálfan eða starfsfólk skólans og friðhelgi þeirra verður gætt, og þeim verður ekki hegnt heldur hjálpað.

ÞARFIR NEMENDA GANGA FYRIR

Það er ekkert til sem heitir „ein stærð hentar öllum“ þegar kemur að heimsókn lögreglu í skóla. Hver bekkur er fullur af nemendum sem eru allir með mismunandi þarfir, líf og forsögu.

NÚVERANDI ÞEKING, SKILNINGUR OG REYNSLA.

Það er ekki hægt að draga neinar ályktanir um hver þekking, skilningur og reynsla nemenda er af mismunandi erfiðum málefnum

Kennari getur gefið innsýn í hvað nemendur hafa lært nú þegar í skólanum og hvort það sé hægt að ganga út frá almennum leiðbeiningum hér eða hvort það þurfi að aðlagða efnið betur að nemendum.

Kennarar geta einnig notað ýmis verkefni til þess að meta stöðu nemenda fyrir heimsókn.

ALDUR NEMENDA

Í leik- og grunnskóla er nemendum skipt eftir aldri og mikilvægt að fara eftir þeim leiðbeiningum sem eru í þessari handbók um hvernig á að kynna efnið fyrir nemendum eftir aldri og þroskastigi.

Í framhaldsskólum eru nemendur oft á mismunandi aldri og þroskastigi í sama áfanga. Sumir lífsleikniáfangar eru ætlaðir nýnemum, aðrir útskriftarnemum en það segir ekki endilega til um aldur allra nemenda í áfanganum.

VIÐKVÆM MÁLEFNI

Það er mikilvægt að komast að því fyrir fram hvort einhver nemandi sé viðkvæmari fyrir málefninu en gengur og gerist.

Vímuefnaumræða getur til dæmis verið viðkvæm ef:

- » Nemandi hefur eigin reynslu af notkun eða fíkn á vímuefnum.
- » Fjölskyldumeðlimur hefur barist við vímuefnafíkn eða jafnvel fallið frá vegna þess.
- » Einstaklingur tengdur nemandanum hefur verið handtekinn eða setið inni í fangelsi fyrir fíkniefnadóm.

Kennari þarf eftir bestu getu að taka ákvörðun um hvort nemandi ætti að sleppa heimsókninni eða hvort það nægi að láta lögregluna vita af stöðu mála.

Óháð persónulegri reynslu nemenda, þá á lögreglumaður að tala meira um þá hjálp sem hægt er að veita þeim sem eru í vanda frekar en að leggja of mikla áherslu á neikvæðar langtímaafleiðingar þegar kemur að fangelsisdómum.

Þetta er fín lína sem þarf að fara þar sem nemendur vilja og þurfa að vita af lagalegum afleiðingum en það er ekki hlutverk lögreglumanns að skapa vonleysi eða óþarfa áhyggjur hjá nemendum.

Allir geta gert mistök og skilaboðin þurfa að vera að við leitum hjálpar áður en mistökin vinda upp á sig.

NEMENDUR SEM ÞURFA MEIRI AÐSTOÐ

Ótal ástæður geta verið fyrir því að nemandi þurfi meiri aðstoð og stuðning en aðrir til þess að ná þeim upplýsingum sem heimsóknin á að veita. Kennari ætti að geta gefið upplýsingar um þá nemendur fyrir heimsóknina og lögreglumaður getur komið undirbúinn, til dæmis með viðbótarmyndir, vinnublöð, verkefni eða annað sem þarf.

Til að ná til allra, þá á lögreglumaður að vera skýr í máli, tala ekki of hratt og tala einfalda og góða íslensku.

AÐ STYRKJA NEMENDUR OG SKAPA JÁKVÆÐ VIÐHORF

Almennt eru kennslustundir meira en upplýsingar einar og sér. Í kennslustund fá nemendur tækifæri til þess að læra, þróa og æfa færni sem á að nýtast þeim í daglegu lífi, bæði í núinu og í framtíðinni. Nemendur eru hvattir til að spá í, ögra og jafnvel endurskoða hugmyndir, gildi og viðhorf.

Viðfangsefnin sem lögreglumaður getur verið beðinn að fjalla um geta verið fjölbreytt. Þau ættu samt að eiga það sameiginlegt að tengjast beint því sem nemendur geta upplifað í sínu lífi, til dæmis í erfiðum aðstæðum þar sem nemendur þurfa að taka ákvarðanir fljótt.

DÆMI UM ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

- » Barn er manað til að hlaupa yfir götu þar sem er mikil umferð.
- » Barn eða unglingur er beittur þrýstingi til að senda nektarmynd af sér í gegnum netið.
- » Unglingur finnur fyrir pressu að drekka áfengi eða taka fíkniefni í partíi.

Í þessum kringumstæðum eiga nemendur að geta nýtt sér það sem þau hafa lært til að taka réttar ákvarðanir. Þessar ákvarðanir geta krafist sterkrar tilfinningar fyrir eigin siðferðisvitund og sjálfstrausts til að standa við ákvörðunina, óháð utanaðkomandi þrýstingi.

Það eitt að vita að eitthvað sé „rangt“ eða ólöglegt er ekki alltaf nóg til þess að koma í veg fyrir hegðun en samvinna á milli kennara og lögreglumanns getur haft jákvæð áhrif á ákvarðanatökur nemenda.

Lögreglumaður getur veitt nemendum upplýsingar og þekkingu byggða á eigin sérþekkingu, jafnt og eigin reynslu sem hefur hlotist í starfi.

Tilgangurinn er ekki að hræða nemendur til þess að taka réttar ákvarðanir, heldur að skapa jákvæða tengingu á milli þeirra og lögreglunnar.

Lögreglumaður á að vera fyrirmynd um hegðun, færni og eiginleika, eins og sanngirni og traust, sem hjálpa nemendum í gegnum lífið.

Með jákvæðum tengslum nemenda við starfsfólk lögreglu er hægt að hafa áhrif og jafnvel ögra viðhorfum ungs fólks til lögreglunnar og laganna.

Nemendur hafa hugsanlega viðhorf sem byggð eru á því sem þau hafa séð í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, erlendum fréttum eða á YouTube eða TikTok en hafa mjög takmarkaða raunverulega tengingu við íslenska lögreglu.

Vingjarnlegur og jákvæður lögreglumaður getur breytt neikvæðum viðhorfum nemenda til lögreglu og skapað jákvæð samskipti og bætt viðhorf til laganna til frambúðar.

Í heimsókn lögreglu er kennarinn ómetanleg aðstoð og sér um að stjórna kennslustofunni, og þá helst að halda uppi aga í samræmi við skólafélagið. Það er ekki hlutverk lögreglumanns að stýra hegðun nemenda í tíma. Kennarinn hjálpar lögreglumanni einnig að tryggja að nemendur græði á tímanum og fái upplýsingar sem hægt er að byggja á í síðari kennslustundum.

AÐ GERA HEIMSÓKNINA GAGNVIRKA

Nemendur læra mest þegar þeir taka virkan þátt í kennslustund. Þó að umræðuefnið sé áhugavert og tengist lífi nemenda á einhvern hátt, þá getur verið erfitt að halda athygli þegar kennari eða lögreglumaður heldur einræðu yfir bekkinn.

DÆMI UM ÞAÐ SEM HÆGT ER AÐ GERA TIL AÐ VIRKJA NEMENDUR:

- » Leyfa þeim að spyrja spurninga og spyrja þau spurninga.
- » Spá með þeim hvað gæti gerst næst í sögu sem þú ert að segja þeim.
- » Skapa samræður um efni mynda og myndbanda sem þú sýnir.
- » Fá hugmyndir að lausnum á vandamálum.
- » Bjóða upp á ráðleggingar um hvað einhver ætti að gera.
- » Gefa þeim tækifæri á að skrifa, teikna, eða setja hugmyndir sínar á blað með einhverjum hætti.

Mikilvægt er að reyna að virkja sem flesta nemendur og fá hjálp frá kennara ef þarf og einnig að nota mismunandi aðferðir til þess. Ef lögreglumaður spyr einungis spurninga og tekur fyrstu svör frá bekknum, þá er líklegt að aðeins örfáir nemendur bjóðist til að svara strax.

AÐ GERA KENNSLUSTUND GAGNVIRKA

- » Kennari og lögreglumaður ættu að skipuleggja kennslustundina með reynslu kennarans í huga varðandi hvaða leiðir og verkefni henta nemendum hans best.
- » Kennari ætti að segja nemendum sínum fyrir fram frá lögregluheimsókninni og umræðuefni kennslustundarinnar. Þá fá nemendur nægjanlegan tíma og tækifæri til að undirbúa spurningar sem þeir kunna að hafa.
- » Gefðu nemendum tækifæri og tíma til að velta efni fyrir sér í lok tímans til að sjá hvort frekari spurningar vakni.

SETTU FYRIR NEMENDURNA VERKEFNI SEM FELA Í SÉR EITTHVAÐ AF EFTIRFARANDI:

- » Spyrja spurninga.
- » Læra staðreyndir.
- » Vera skapandi.
- » Leysa vandamál.
- » Bjóða ráð.
- » Upplifa samkennd.
- » Byggja upp sjálfstraust.
- » Greina afleiðingar.
- » Vinna saman.

AÐ META KENNSLUSTUND

Hver heimsókn í skóla getur verið námstækifæri fyrir bæði nemendur og lögreglu.

Það er sniðugt ef kennari og lögreglumaður ræða saman eftir tímann um hvernig gekk, hvað mætti ganga betur og hvernig kennarinn gæti nýtt sér lögregluna til að styðja við námskrá í framtíðinni.

Stuttur spurningalisti sem lögreglumaður getur skilið eftir eða beðið nemendur um að fylla út í lok heimsóknar getur gefið góða sýn á hversu vel heimsóknin gekk og hvort það þurfi að bæta eitthvað fyrir næstu heimsókn.

Hentugast væri ef spurningalistinn gæti verið rafrænn og kennarinn getur þá sent hann á foreldra yngri nemenda og beint á eldri nemendur.

SPURNINGAR Á SPURNINGALISTA GETA VERIÐ:

- » Var tíminn áhugaverður?
- » Hvað fannst þér áhugaverðast?
- » Hvað fannst þér skemmtilegast að gera í tímanum?
- » Hvað hefðirðu viljað hafa öðruvísi?

SPURNINGAR FYRIR LÖGREGLUMANN AÐ SPYRJA SIG EFTIR TÍMANN:

- » Voru nemendur áhugasamir?
- » Voru verkefnin erfiðari eða tímafrekari en talið var?
- » Var efnið og kynning á því miðuð við réttan aldurshóp?
- » Náðist það námsmarkmið sem stóð til?
- » Gafst nógur tími til að fara yfir allt sem þurfti eða þurfti að sleppa einhverju?
- » Hvernig getum við gert betur næst?

HEIMSÓKNIN

Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Bernsku- og æskuárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings. Hver skóladagur og hver kennslustund ber í sér þroskamöguleika sem nýta þarf til fulls. Mikilvægt er að halda við eðlislægri forvitni barnsins, hún er ein mikilvægasta forsenda alls náms.

Aðalnámskrá grunnskóla, Kafli 7 - Nám og kennsla

GAGNLEG HEIMSÓKN Í ÖRUGGU NÁMSUMHVERFI

Heimsókn lögreglunnar í skóla, hvort sem það er leikskóli, grunnskóli eða framhaldsskóli, getur haft jákvæð áhrif á nemendur sem og skóla og lögreglu. Það er samt mikilvægt að muna að mörg þeirra málefna sem lögreglan ræðir geta verið viðkvæm, umdeild og jafnvel persónuleg fyrir vissa nemendur.

Í þessum kafla förum við yfir leiðir til þess að heimsóknin nýtist öllum sem best.

GRUNNREGLUR FYRIR LÖGREGLUMANN OG NEMENDUR

Hvort sem efnið sem þú ætlar að ræða er viðkvæmt eða ekki, þá getur verið sniðugt að setja vissar grunnreglur í byrjun heimsóknar sem bæði þú og nemendur ætla að fylgja.

Þessar reglur fyrir heimsóknina geta komið í veg fyrir óþægindi fyrir nemendur og hjálpað öllum að finnast þau örugg í kennslustundinni.

Þó að þú hafir þegar rætt við kennarann um hvort málefnið sé viðkvæmt eða erfitt fyrir vissa nemendur, þá er engin leið að vita hvort kennarinn hafi þær upplýsingar um alla nemendur. Það er

því mikilvægt að byrja tímann á að taka af allan vafa um hvað nemendur mega búast við, eins og til dæmis að nemendur þurfi ekki að óttast að þú munir spyrja einstaka nemendur spurninga.

ÓPERSÓNULEGT EN HÆGT AÐ TENGJA VIÐ

Þegar þú kynnir efnið þá er mikilvægt að nemendur tengi við það á einhvern hátt, það er að þau skilji hvernig það tengist þeirra lífi og komi þeim við. Á sama tíma þarf að halda efninu ópersónulegu þannig að enginn nemandi haldi að þú sért að tala beint um þeirra líf.

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ HALDA FJARLÆGD

- » Notaðu sögur, teiknimyndir, myndbönd, persónur (eins og Lúlla Löggubangsa) til að koma efninu til skila.
- » Ekki segja hluti eins og „þú og vinir þínir,“ notaðu frekar „fólk/krakkar á ykkar aldri.“
- » Ekki spyrja „Hvað myndir þú gera?“ Frekar „Hvað gæti/ætti [persónan] að gera núna?“

GRUNNREGLUR FYRIR LÖGREGLUMANN OG NEMENDUR

1. Við munum ekki deila persónulegum upplýsingum um okkur sjálf eða aðra.
2. Við höfum öll rétt á að taka þátt í umræðunni en enginn verður neyddur til þess.
3. Við getum verið ósammála hvert öðru en við munum ekki dæma eða gera grín að neinum sem tekur þátt í samræðunum fyrir skoðanir, spurningar eða frásagnir þeirra.
4. Við munum ekki dæma fólk, hvort sem við þekkjum það eða ekki, eða ákveða hvaða skoðanir eða reynslu við höldum að það hafi út frá kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund eða öðru.

SPURNINGAR ERU LYKILLINN

Allir græða mest á heimsókninni ef hún er samtal milli þín og nemenda frekar en fyrirlestur. Til þess að það gangi upp, þá þurfa nemendur að vera tilbúnir að spyrja spurninga jafnt og að svara þeim og það er hluti af þínu hlutverki að hjálpa því að gerast.

HVAÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ GERA

Sýndu að þú kunnir að meta hverja og eina spurningu með því að segja hluti eins og „Þetta er mjög áhugaverð spurning...” og „Takk fyrir að spyrja að þessu...” Þegar fólk fær strax jákvæð viðbrögð við spurningum, óháð svari, þá eykur það vellíðan hjá því og öðrum varðandi að spyrja.

Reyndu að skapa umræðu út frá spurningunni með því að gefa öðrum nemendum tækifæri til þess að koma með hugmyndir að svari.

Biddu um sjálfboðaliða til að spyrja spurninga eða svara þeim.

Svaraðu spurningum á heiðarlegan máta með staðreyndum sem henta aldurshópnum sem þú ert að heimsækja.

Ef tími gefst, þá er kjörið að para upp nemendur eða skipta þeim í hópa og gefa þeim tækifæri til að ræða saman og koma síðan með spurningar.

HVAÐ ÞÚ ÆTTIR EKKI AÐ GERA

Velja einstaka nemendur til að spyrja eða svara spurningum. Það er ákvörðun nemenda að taka þátt í umræðunni og þú átt ekki að þrýsta á einstaka nemendur.

Bregðast illa við spurningum, eins og með kaldhæðni eða reiði. Það skiptir ekki máli þó að nemandi sé augljóslega að reyna að ögra þér. Líklega mun nemandinn græða mun meira á því að þú sýnir að þú haldir ró þinni, frekar en ef þú gefur eftir og pirrast. Ef nemandi virðist vera að reyna að efna til vandræða, þá er það hlutverk kennarans að sjá um það.

Hunsa spurningar. Þú munt hugsanlega fá spurningar sem væri hreinlega ekki viðeigandi fyrir þig að svara. Það þarf ekki að vera að nemandi geri sér grein fyrir því að spurningin sé óviðeigandi. Mikilvægt er því að þakka fyrir spurninguna en útskýra af hverju þú getur ekki svarað henni núna, eins og með að vísa í reglurnar sem þú settir upp. Ef þú gætir svarað spurningunni í einrúmi með nemanda og kennara, þá geturðu sagt nemandanum að hann geti spurt þig aftur eftir tímann.

Svara spurningum sem þú veist ekki svarið við með ónákvæmum eða villandi upplýsingum. Ef þú ert ekki viss, segðu að þú þurfir að kanna þetta betur eða flettu svarinu upp áður en þú svarar. Nemendur vilja frekar sjá að þú sért bara manneskja sem veist ekki allt frekar en að fá svör sem gagnast þeim ekki.

ERFIÐAR SPURNINGAR

Hér eru nokkrar setningar sem þú getur notað þegar þú færð erfiðar spurningar frá nemendum. Þær gefa þér tíma til að hugsa um viðeigandi svör eða til þess að fá hjálp frá kennara ef spurningin er óviðeigandi.

- » „Mjög góð spurning en það er spurning að við ræðum hana frekar eftir kennslustundina svo ég geti svarað henni betur, ef það er í lagi.“
- » „Þetta er áhugaverð spurning, ég þarf að melta hana aðeins áður en ég svara.“
- » „Frábær spurning, ég hef bara aldrei fengið hana áður. Leyfðu mér aðeins að hugsa út í hana áður en ég svara. Gætirðu minnt mig á að svara henni á eftir ef ég gleymi því?“

GÓÐ RÁÐ: SPURNINGAKASSI

- » Í byrjun tímans geturðu sett upp „spurningakassa“ (getur verið kassi, umslag, poki eða hvað sem er) og dreift auðum blöðum um bekkinn sem nemendur geta skrifað á.
- » Nemendur geta skrifað niður spurningar á blað hvenær sem er í heimsókninni og kennarinn safnar þeim jafnóðum saman og setur í kassann.
- » Fá kennarann til að setja nokkrar spurningar sjálfur í kassann svo nemendur viti að þeirra spurning sé ekki sú eina í honum.
- » Einnig er hægt að nota Kahoot! eða Slido ef nemendur eru með farsíma eða spjaldtölvur.
- » Í lok tímans opnarðu kassann og svarar spurningum úr honum.
- » Þannig geta nemendur sem vilja ekki spyrja fyrir framan allan bekkinn fengið svör við þælingum sínum.

JÁKVÆÐ FÉLAGSLEG VIÐMIÐ

Félagsleg viðmið er skynjun fólks á því hvað er eðlilegt og/eða ásættanlegt innan menningar þess eða samfélags. Fréttir, samfélagsmiðlar og annað á það til að brengla verulega hvað virðist vera eðlilegt og hversu algengir vissir hlutir eru.

Sem dæmi ef miðað er við fréttir um umræðu um rafrettu- (veip) notkun unglinga, þá er auðvelt að halda að flestir unglingar reyki rafrettur daglega og þeir sem „veipa“ ekki séu í minnihluta.

Það er langt frá því að vera raunveruleikinn og mikilvægt fyrir lögreglumann að koma því til skila að flest svokölluð „neikvæð“ hegðun er hegðun sem fæstir framkvæma.

Niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2022“ frá Rannsóknir og Greining sýna að tölur stangast kannski á við hvað flestir halda.

FJÖLDI ÞEIRRA SEM REYKJA EKKI RAFRETTUR

- » 8. bekkur 98%
- » 9. bekkur 95,9%
- » 10. bekkur 94%

FJÖLDI ÞEIRRA SEM HAFI EKKI VERIÐ ÖLVUÐ

- » 8. bekkur 95,8%
- » 9. bekkur 92,2%
- » 10. bekkur 85%

FJÖLDI ÞEIRRA SEM HAFI EKKI REYKT KANNABIS

- » 8. bekkur 97,9% » 9. bekkur 95,3%
- » 10. bekkur 93,3%

Eins og sjá má þá er notkun á rafrettum, kannabisi og áfengi almennt mjög lítil. Þau sem nota þessi efni eru undantekningarnar, ekki normið.

REYNDU AÐ FORÐAST DRAMATÍK OG ÖFGAR

Fólk heldur oft að ef þú nærð að hræða börn eða ungmenni munirðu koma í veg fyrir vissa hegðun frá þeim í framtíðinni. Það gæti meira að segja verið að kennari biðji þig um að halda engu aftur þegar kemur að hræðilegum afleiðingum og öðru.

Raunveruleikinn er að þegar börn og ungt fólk sér eða heyrir um öfgafulla hluti í öruggu umhverfi (eins og kennslustofunni) þá geta hlutirnir hætt að hræða og orðið spennandi, svipað eins og þegar þau eru örugg í stofunni heima að horfa á hryllingsmynd eða glæpabætti.

Eins geta átakanlegar sorglegar sögur sett nemendur í tilfinningalegt uppnám sem mun skyggja á allt annað sem þú hefur að segja í heimsókninni.

Þó að það hljómi kannski rökrétt að öfgafyllstu sögurnar sem þú hefur kannski lent í sjálfur sem lögreglumaður séu góðar fyrir nemendur, þá þjóna þær líklegast ekki þeim tilgangi sem þú vilt að þær geri.

ÞAÐ MINNKAR RAUNVERULEIKANN Í ÞVÍ SEM ÞÚ ERT AÐ SEGJA

Svakalegar sögur um rosalega hluti eru sögur sem gerast sjaldan. Þær eru undantekningarnar.

Unglingurinn sem drakk áfengi og þurfti að leggjast inn á spítala vegna áfengiseitrunar, barnið sem talaði við ókunnugan á netinu sem reyndi svo að ræna því, strákurinn sem prófaði sýru og varð geðklofa er allt eitthvað sem getur gerst en þetta eru samt undantekningarnar.

Ef nemendurnir hafa ekki gert eitthvað af þessum hlutum sjálf, þá er næstum öruggt að þau þekki nokkra sem hafa gert þá og ekkert í líkindum við það sem þú ert að segja kom fyrir þau.

Í raun eru hrottalegar afleiðingar sjaldgæfar og ef þú velur hræðilegustu dæmin til að tala um málefni, þá gætirðu verið að undirstrika hugsunina þetta mun aldrei koma fyrir mig.

Hugsunin sem þú vilt fá fram er: **Þetta gæti verið ég.**

Þú nærð þeirri hugsun ekki fram með sögum sem nemendur geta talið óraunverulegan hræðsluáróður.

ÞAÐ GETUR ENDURVAKIÐ ÁFÖLL HJÁ NEMENDUM

Átakanlegt myndefni, myndbönd og sögur geta endurvakið áföll hjá nemendum sem hafa sögu eða tengsl við málefnið – hvort sem kennarinn veit af því eða ekki.

Nemendur eru berskjaldaðir í tíma og geta ekki auðveldlega aftengst því sem verið er að ræða eða sýna þeim. Þeir geta ekki staðið upp og labbað út úr stofunni nema það veki athygli og kalli á frekari afleiðingar eða útskýringar.

ÞAÐ BREYTIK EKKI LANGTÍMAHEGÐUN

Rannsóknir sýna að ytri þrýstingur, eins og það sem hægt er að flokka sem hræðsluáróður, breytir ekki hegðun til lengri tíma.

Niðurstöður rannsókna benda til þess að fólk sé líklegra til að viðhalda, eða skipta yfir í, jákvæða hegðun til lengri tíma ef sú hegðun samræmist innri hvötum þess og innri tilfinningu um að sú hegðun sé rétt fyrir það.

Í stað þess að höfða til ótta er betra að efla sjálfsmynd og gera nemendur meðvitaðri um eigin gildi og markmið svo þau geti betur hegðað sér í takt við þau.

ÞAÐ FER GEGN TILGANGI HEIMSÓKNAR

Heimsóknin er ekki til að hræða, heldur til að hjálpa og fræða.

ÞAÐ GETUR VALDIÐ ÞVÍ AÐ NEMENDUR LEITA SÉR EKKI HJÁLPAR

Þegar nemendur fá öfgafyllstu útgáfurnar af vandamáli, þá getur það valdið því að þau telji að vandamálið þeirra sé ekki nægilega stórt, mikilvægt eða dramatískt til þess að þau þurfi eða verðskuldi aðstoð.

„Aðstæðurnar mínar eru ekki einu sinni nálægt því að vera svona slæmar, ég væri bara dramadrottning að fara að tala um þetta.“

Þessir nemendur græða mun meira á því að fá upplýsingar um hvernig vandamálið birtist oftast og hjá flestum.

Þetta á sérstaklega við þegar rætt er um málefni sem fólk notar réttlætningar eins og „þetta er ekki svo slæmt“ á, til dæmis í ofbeldisfullum samböndum og við misnotkun á fíkniefnum eða áfengi.

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST DRAMATÍK OG ÖFGAR

Rannsóknir sýna að hræðsluaðferðir virka ekki svo það er engin ástæða til að nota þær.

Allt kennsluefni sem mælt er með að nota í þessari handbók hefur verið samið fyrir vissa aldurshópa. Nýttu þér það en ef þú eða kennari vilja nota annað efni, eins og til dæmis kvikmynd eða þátt, skoðaðu þá efnið vel og mundu að nemendur hafa oft mun lægra þol fyrir átakanlegu og hrottalegu efni en fólk gerir sér grein fyrir.

Heimsóknin er til þess að fræða nemendur og byggja upp traust, ekki til þess að skemmta þeim. Nemendur væru líklega meira til í að horfa á hryllingsmynd en hlusta á fyrirlestur, en þitt hlutverk er að gera heimsóknina fróðlega, skemmtilega og gagnvirka, ekki að gera það sem er auðveldast til að skemmta.

Ef þú ert í vafa um dæmisögur sem þú hefur, sem eru hugsanlega byggðar á þinni reynslu, þá er ekkert að því að bera þær undir kennara eða samstarfsfólk þitt.

Mundu að þú vilt að nemendur tengi við efnið og hugsi „þetta gæti verið ég“ frekar en „þetta myndi aldrei gerast fyrir mig.“

Settu fókus á hvernig hægt er að stuðla að jákvæðum ákvörðunum, frekar en neikvæðum afleiðingum.

AÐ FRÆÐA UM EFNI FREKAR EN AÐ KENNA HEGÐUN

Í heimsókn þarf lögreglumaður að vera meðvitaður um að hann sé að fræða nemendur um málefni og hegðun, afleiðingar, birtingarmyndir og svo framvegis án þess að óvart hvetja eða leiðbeina nemendum um hvernig skuli stunda áhættuhegðun.

Kvikmyndir, þættir, tölvuleikir og annað skemmtiefni á það til að gera glæpastarfsemi og lífernið sem því fylgir aðlaðandi fyrir fólk. Það er engin ástæða fyrir lögregluna að taka þátt í því.

Það er einnig óþarfi að fara of djúpt í hvernig einhver framkvæmdi glæpi eða komst upp með þá, hvað þá að tala um skrefin sem einstaklingurinn gerði til þess.

Þú vilt ekki setja hugsunina: „aðrir eru að gera þetta og komast upp með það svo ég get það líka.“

Þú vilt heldur ekki gera of mikið úr neikvæðri hegðun eins og hún sé stærra vandamál en raunin er. Ef nemendur fá þau skilaboð að þau eru í minnihluta ef þau séu ekki að gera slæma hluti sendir það röng skilaboð og getur valdið því að þau telji slæma hegðun eðlilega.

GÓÐ RÁÐ: EKKI KENNA HEGÐUN

Ekki fara of djúpt í smáatriði.

Forðastu að lýsa hvernig ungmenni náði að fela hvað þau voru að gera.

Minntu nemendur á hversu lítill fjöldi ungmenna stelur, lendir í slagsmálum, dreifir nektarmyndum og svo framvegis.

AÐ NOTA REYNSLUSÖGUR

Sem lögreglumaður þá hefur þú sérfræðipækkingu og persónulega reynslu sem kennari bekkjarins hefur ekki. Það er þitt hlutverk að nota þessa þekkingu og reynslu til að fræða nemendur á máta sem kennari getur ekki. Reynslusögur geta verið gott tæki til þess, hins vegar þarf að passa vel að sögurnar séu gagnlegar.

Þú hefur líklegast upplifað aðstæður sem eru dramatískar, spennandi, átakanlegar og erfiðar og sögur af þessum aðstæðum eru óumdeilanlega áhugaverðar. Það getur verið freistandi að nota þessar sögur í heimsókn, sérstaklega ef heimsóknin er ekki að ganga eins vel og þú vonaðir. Þú þarft samt að hugsa áður: Er þessi saga að fara að hjálpa nemendum að skilja námsefnið sem heimsóknin er um?

NOKKRIR HLUTIR TIL AÐ SPÁ Í:

- » Tilfinningaþrungnar sögur með ótal smáatriðum eða sem einblína á öfgakennd dæmi hafa almennt lítið fræðslugildi.
- » Er sagan viðeigandi fyrir aldurinn sem þú ert að tala við?
- » Er sagan að fara að valda ótta eða kvíða meðal nemenda?
- » Þó að nemendur séu að skemmta sér konunglega, þá þýðir það ekki að þau séu að læra eða skilja efnið sem tilgangur heimsóknarinnar er um.

JÁKVÆÐIR PUNKTAR Í SÖGUM

Ekki óttast að segja hvernig þér leið þegar atvikið sem þú ert að segja frá gerðist. Þú vilt að þau sjái þig sem venjulega manneskju, ekki hasarmyndapersónu.

Sögur þurfa ekki að vera dramatískar. Sögur sem nefna til dæmis réttindi ungs fólks í daglegu lífi og hvernig lögreglan ver þau skila meiru til að byggja upp lögmæti og traust á lögreglunni heldur en svakaleg saga um blóðugan árekstur.

Reynslusögur mega vera um jákvæða hluti þótt við séum vön því að tala aðallega um neikvæða hluti. Saga um unglinga sem komust í kast við lögin má minna á að flest ungmenni fylgja lögum og reglum.

Það má segja og tala um hvað hefði mátt fara betur, bæði hjá lögreglu og ungmönnum.

NEIKVÆÐIR PUNKTAR Í SÖGUM

Tilfinningahlaðnar sögur sem eru átakanlegar og erfitt að hlusta á. Þær eru spennandi og munu líklega halda athygli en ekki á jákvæðan hátt til lengri tíma.

Raunverulegir atburðir sem höfðu áhrif á marga, sérstaklega þeir sem innihalda dauðsföll, eru ekki góðar reynslusögur til að segja í heimsókn. Það er líklegt að einhver í bekknum þekki til eða tengist á einhvern hátt einhverjum sem var hluti af atburðinum eða nákominn aðilum í atburðinum.

Allir eiga það til að koma með sínar hugsanir og pælingar sem setja sök á fórnarlömbin. Það eru ekki skilaboðin sem á að senda nemendum.

GÓÐ RÁÐ VARÐANDI REYNSLUSÖGUR

Nýttu þér reynslu kennarans og deildu sögum sem þú ert að hugsa um að segja bekknum með kennaranum fyrir heimsóknina. Kennarinn getur hjálpað þér að meta hvort hún sé viðeigandi og hvort það mætti breyta henni aðeins til að hún henti betur.

Ef þú ert í vafa, slepptu því. Það er miklu betra að gæta varúðar heldur en að sjá eftir. Handbókin ætti að gefa þér nóg efni til að fara með í tímann sem þú getur notað.

SPURÐU ÞIG EFTIRTALINNA SPURNINGA:

- » Er sagan viðeigandi fyrir efnið og markmið heimsóknarinnar?
- » Gæti sagan komið einhverjum í uppnám í skólastofunni?
- » Gæti sagan gefið nemendum hugmyndir um hvernig þau geta framið glæpi eða jafnvel hvatt þau til þess að framkvæma hegðunina sem þú ert að reyna að koma í veg fyrir?
- » Sýnir hún fulltrúa lögreglunnar í jákvæðu ljósi?
- » Sýnir hún ungt fólk í jákvæðu ljósi?

HEIMSÓKNIN OG ÞVÍ SEM HENNI FYLGIR

HEIMSÓKN Í KENNSLUSTOFU EÐA FYRIRLESTUR Í SAL?

Fyrirlestur í sal, þá oft með mörgum bekkjum í einu, er fljótleg leið til að þylja upp fullt af upplýsingum sem skilja lítið eða ekkert eftir hjá nemendum eftir fyrirlesturinn.

Heimsókn lögreglu ætti því alltaf, ef völ er á, að vera í einstaka kennslustofu.

Í heimsókn nærðu að mynda gagnvirka umræðu og tengst nemendum, gefið þeim tíma og persónulegt viðmót sem er ekki möguleiki á í fyrirlestri í sal.

EINKENNSKLÆDDUR EÐA HEFÐBUNDIN FÖT?

Þú ættir alltaf að vera í einkennisfötum þínum þegar þú heimsækir skóla. Undantekning á því getur verið ef starfsmaður skóla biður þig um annað ef þú ert til dæmis að koma því nemandi vill ræða við þig hjá námsráðgjafa.

Viðvera þín í skólanum í einkennisfötum hjálpar nemendum að venjast að sjá búninginn, treysta lögreglumönnum utan skólans, og eiga samskipti við einkennisklædda lögregluþjóna.

Einkennisklæðnaðurinn er líka spennandi, fyrir yngri og eldri nemendur.

EKKI BARA KENNSLUSTOFAN

Nýttu heimsóknina og gakktu um ganga skólans, fáðu þér að borða í mötuneytinu og vertu almennt bara til staðar þar sem nemendur eru.

Reynslan sýnir að nemendur hafa mikinn áhuga á lögreglustarfi og einkennisklæðnaði, svo nýttu tækifærin þegar nemendur koma til þín og spyrja þig út í eitthvað til að opna á umræðu við þá.

Kíktu við í kennarastofuna líka og spjallaði við kennara og annað starfsfólk. Þetta er fólkið sem vinnur dagsdaglega með nemendunum. Góð samskipti við starfsfólk skóla hjálpar almennt í samskiptum við skólann og nemendur.

GÓÐIR HLOTIR TIL AÐ MUNA

- » Vertu opinn, heiðarlegur og vingjarnlegur.
- » Láttu kennarann sjá um að viðhalda aga í heimsókninni.
- » Mundu að þú ert kominn til að ræða mál, ekki halda fyrirlestur um það.

HVERT GETA NEMENDUR LEITAÐ?

Í efni fyrir viss málefni er tekið fram hvert skal leita ef nemandi þarf aðstoð sem tengist málefninu sjálfu. Það er samt mikilvægt að taka alltaf fram, óháð málefni, að nemendur geti alltaf leitað til lögreglu ef svo ber við.

HVAÐ NEMANDI ÞARF AÐ VITA:

- » Hvernig getur nemandi tilkynnt glæp undir nafni eða nafnlaust?
- » Hvert getur þolandi leitað, bæði til að tilkynna glæp eða til að fá stuðning og ráðgjöf?
- » Hvernig getur nemandi spurt lögreglu spurninga á óformlegan máta?

Það er líka mikilvægt að nemendur viti og skilji hvað gerist í kjölfar þess að glæpur eða ólöglegt hátterni hefur verið tilkynnt, bæði ef þau eru sá sem tilkynnir það og ef þau eru þolendur þess.

Fólk, sérstaklega ungt fólk, sem veit lítið um verkferli lögreglunnar nema úr kvikmyndum og þáttum sem sýna lögregluna í Bandaríkjunum, hefur mjög skakka mynd af því hvernig hlutir virka á Íslandi og eiga það til að mikla fyrir sér atburðarásina. Það er því mikilvægt að reyna að fjarlægja mögulegar hindranir svo ungu fólki finnist eðlilegt að tala við lögregluna, án þess að óttast að eitthvað slæmt gerist fyrir þau.

ÁSKORANIR

Mikilvægt er að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag sem felur í sér gagnkvæmt traust, virðingu og samábyrgð þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigðar og hollar lífsvenjur eru hafðar að leiðarljósi.

Aðalnámskrá grunnskóla, Kafli 13 - Ábyrgð og skyldur nemenda, starfsfólks og foreldra

GOTT SAMSTARF ER BYGGT Á GÓÐUM GRUNNI

Ótal áskoranir eru í öllu samstarfi og samstarflögreglu og skóla er engin undantekning á því. Báðar stofnanir þurfa að hafa mannafla og fjármagn til að sinna því sem sinna þarf og oft á tíðum fara hlutir sem þykja ekki mikilvægastir aftast á forgangslistann. Það er því mikilvægt að muna að heimsóknir lögreglunnar í skóla geta haft miklar og jákvæðar afleiðingar

til lengri tíma, bæði fyrir ungmenni og samband ungmenna til framtíðar við lögregluna.

Það á sérstaklega við ef góðar starfsvenjur eru byggðar upp og reynt að forðast skyndilausnir. Gott samstarf byggt á góðum venjum gerir samstarfið bæði skilvirkara og gagnlegra fyrir alla og sparar tíma á endanum.

UPPLÝSINGAGJÖF

Þrátt fyrir að grunnreglur séu settar í byrjun heimsóknar og lögreglumaður reyni sitt besta til að halda hlutum ópersónulegum (eins og „fólk á ykkar aldri“ frekar en „þið og vinir ykkar) þá er líklegt að nemendur, sérstaklega yngri nemendur, muni segja frá sínu persónulega lífi í kennslustund. Nemendur gætu líka komið í lok kennslustundar eða beðið lögreglumann að tala í einrúmi.

Upplýsingarnar sem lögreglumaður hefur gefið í heimsókninni geta vakið upp áhyggjur og kvíða, eða minnt nemendur á eitthvað, sem þau vilja ræða um.

Að mörgu leyti er það jákvætt því það sýnir að nemendur treysta lögreglumanninum en á sama tíma þurfa bæði lögreglumaður og kennari að vita hvað gert er við upplýsingarnar sem nemendur veita.

VARÐANDI UPPLÝSINGAGJÖF

Vertu skýr um að þér ber lagaleg skylda til þess að fylgja eftir tilkynningum um glæpi.

Gerðu öllum nemendum grein fyrir að þau geta leitað sér aðstoðar eftir kennslustund og hvaða úrræði eru í boði.

Ef málefnið sem rætt er í heimsókn er á alvarlegri nótum ættu kennari og lögreglumaður að koma sér saman um hver muni bregðast við hugsanlegri upplýsingagjöf og hvernig (í samræmi við skólafélag og almenn lög), til dæmis ef þarf að hafa samband við barnavernd.

Það getur verið nauðsynlegt að skipuleggja tíma og einkarými eftir heimsókn til að tala við þá nemendur sem vilja ræða við lögreglumann.

Ef upplýsingagjöf bendir til þess að vandamál sé til staðar, þá þarf að íhuga vel og athuga hvort það sé vandamál sem að skólinn ætti að sjá um eða hvort lögreglan eða barnavernd þurfi að koma að málinu.

KREFJANDI HEGÐUN NEMENDA

Nær allir nemendur vilja læra og kunna að meta þá upplifun að fá heimsókn frá lögreglunni og geta átt samskipti við lögregluna beint. Það verða samt alltaf einhverjir nemendur sem munu sýna krefjandi hegðun í heimsókninni. Mikilvægt er að muna að það geta verið ótal mismunandi ástæður fyrir hegðuninni og það er ekki hlutverk lögreglumanns að reyna að greina þær ástæður í kennslustund eða áætla hverjar þær séu.

Í samtali við kennara fyrir tímann er gagnlegt að ræða hvernig kennarinn tekur á krefjandi hegðun nemenda og hvernig kennarinn heldur athygli nemenda sem eiga það til að raska ró kennslustunda. Lögreglumaður getur þá hugsanlega notað þær leiðir að einhverju leyti og haldið þannig samræmi á heimsókninni og hefðbundnum kennslustundum þar sem nemendur vita hvað er ætlast til af þeim.

Í sama samtali geta lögreglumaður og kennari fundið leið til að lögreglumaður geti gefið kennara merki ef hann þarf á stuðningi kennara að halda í samskiptum við nemanda.

Það er þó aldrei hlutverk lögreglumanns að halda uppi aga eða hegna einstaka nemendum.

Ef lögreglumanni finnst kennari ekki vera að sinna því hlutverki, þá þarf að taka þá umræðu eftir heimsóknina, ekki fyrir framan nemendur.

GÓÐ RÁÐ: KREFJANDI HEGÐUN NEMENDA

Stýring á hegðun nemenda á að vera eins í heimsókn lögreglu og í hefðbundnum kennslustundum.

Það er gott ef kennari upplýsir nemendur fyrir tímann um að lögreglan sé að koma í heimsókn og minnir á væntingar um hegðun þegar gestur kemur í skólastofu

Jákvæð styrking eins og hrós eykur þá hegðun sem þú vilt sjá frá nemendum á meðan hækkaður tónn, pirringur eða kaldhæðni getur verið jákvæð styrking á þá hegðun sem þú vilt ekki fá frá nemendum.

Sem dæmi ef nemendur eru mikið að grípa fram í þegar annar er að tala: „Ég er ánægður að heyra hvað þið eruð áköf að svara en við skulum gefa öllum tækifæri til að tala og allir sem rétta upp hönd fá að svara“ frekar en „Það er rosalega dónalegt að grípa fram í fyrir öðrum, bíðið þar til ég bendi á ykkur með að svara“.

Þú vilt ekki ögra eða niðurlægja nemendur, bæði gefur það öllum nemendum slæma sýn á lögregluna og það mun líklegast bara gera hlutina verri.

BREYTINGAR Á STARFSFÓLKI

Í fullkomnum heimi þá er alltaf sama samfélagslöggan sem heimsækir vissa skóla og mun alltaf hafa samskipti við sömu kennara og stjórnendur. Það er auðvitað ekki sá raunveruleiki sem við búum í.

Það er því mikilvægt að byggja upp samstarf sem nær lengra en bara þau sem koma að því hverju sinni.

GÓÐ RÁÐ: BREYTING Á STARFSFÓLKI

Með því að eyða meiri tíma í skólanum en bara á meðan kennslustund stendur gefst tækifæri á að kynnast fleira starfsfólki. Heimsókn á kennarastofu og spjall við kennara auðveldar áframhaldandi heimsóknir þar sem lögreglumaður kemur til þessara kennara. Einnig er gott að ræða við námsráðgjafa, skólastjórnendur og allt starfsfólk almennt.

Ef lögreglumaður er að koma í heimsókn í tíma með kennara sem hann hefur ekki átt í samskiptum við áður þá er enn mikilvægara að hann hitti eða

eigi samtalið við kennarann á undan til að ræða þá punkta sem komið hafa fram.

Mikilvægt er að halda dagbók eða skýrslur þar sem samskipti við einstaka skóla eru tekin fram. Það auðveldar vinnuna ef annar lögreglumaður tekur við verkinu að hann viti hver staðan er í samskiptum, hvað lögreglan hefur nú þegar rætt um, við hvaða árganga og svo framvegis.

Hægt er að finna verklagslýsingu á því hvernig haldið er utan um dagbækur og skýrslur fyrir skólaheimsóknir hér.

GÁTLISTI OG LYKILREGLUR

Árin sem barn stundar nám í grunnskóla eru mikilvægt mótunarskeið þess sem einstaklings og þjóðfélagsþegns. Skólanum er ætlað að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem býr þá undir nám að loknum grunnskóla og ævilangt.

Aðalnámskrá grunnskóla, Kafli 4 - Hlutverk grunnskóla

GÁTLISTI FYRIR LÖGREGLUMANN

- » Þekkir þú markmið heimsóknarinnar?
- » Valdirðu námspakka sem hentar árganginum sem þú ert að heimsækja?
- » Það geta komið upp aðstæður þar sem það er hægt að nota námspakka ætlaðan fyrir eldri nemendur fyrir yngri nemendur en það þarf að vera ákveðið og unnið með kennara bekkjarins.
- » Veistu hvort einhverjir nemendur hafi sérþarfir eða séu sérstaklega viðkvæmir fyrir málefnum?
- » Veistu hvað nemendur hafa verið að læra eða eru að fara að læra næst?
- » Hefur þú kynnt þér skólastefnu skólans sem þú ert að heimsækja?
- » Hefur þú farið yfir kaflana „Undirbúningur“ og „Heimsóknin“?
- » Hefur þú metið að reynslusögur sem þú ætlar að segja hvetji ekki nemendur til að framkvæma þá hegðun sem þú ert að reyna að koma í veg fyrir með heimsókn?
- » Manstu að þú ert ekki í heimsókn til að hræða, heldur til að hjálpa og fræða?
- » Ertu með efnið sem þú ætlar að ræða á hreinu?
- » Hefurðu samið við kennarann um að hann muni sjá um aga og taki jafnóðum á hegðunarvandamálum sem kunna að koma upp.
- » Veistu hvað þú átt að gera ef nemendur gera athugasemdir eða spyrja óþægilegra spurninga?
- » Hefurðu rætt við kennarann um hvernig hann getur komið skilaboðum áleiðis ef nemandi vill ræða við þig eftir tímann?
- » Ertu í einkennisbúningi?
- » Hugsar þú afslappað, brosandi og jákvætt um heimsóknina?
- » Ætlarðu að láta nemendur fylla eitthvað út? Ertu með prentaða spurningalista, auð blöð og skrifffæri?

EKKI EYÐA TÍMA Í TÆKNIMÁL

- » Hefurðu spurt kennara um hvernig aðstaðan er varðandi skjávarpa? Ertu með glærur á USB-lykli svo þú getir byrjað strax ef tölvan er þegar tengd við skjávarpann?

GÁTLISTI FYRIR SKÓLA

Þessi listi er fyrir kennara og hugsanlega skólastjórnendur sem sjá um heimsókn lögreglunnar.

- » Hefur þú deilt námsmarkmiðum kennslustundar með lögreglunni? Til dæmis hvað þú vonast til að nemendur skilji betur eftir tímann.
- » Hefur þú gefið lögreglumanninum bakgrunnsupplýsingar um bekkinn? Eins og ef einhverjir nemendur hafa sérþarfir eða eru viðkvæmari fyrir málefnið.
- » Hefur þú sagt lögreglumanninum frá því sem nemendur hafa verið að læra eða eru að fara að læra? Það getur hjálpað ef lögreglumaður getur tengt málefnið sem hann er kominn til að ræða við það sem nemendur hafa verið að læra um.
- » Hefur þú deilt viðeigandi skólastefnum með lögreglumanninum?
- » Hefur þú skoðað kynninguna sem lögreglumaður mun fara með?
- » Hefur þú skoðað úrræði sem lögreglumaður mun benda á?
- » Hefur þú fengið tækifæri til að skipuleggja samstarfið við lögreglumanninn?
- » Hefur þú og lögreglumaður rætt um að þú sjáir algjörlega um aga í bekknum?
- » Hefur þú rætt við lögreglumann um hvernig best er að ná athygli bekkjarins?
- » Hefur þú rætt við lögreglumann hvað þú eigir að gera ef nemandi kemur eftir tímann og vill ræða við lögreglumanninn?
- » Eru tækifæri fyrir þig og nemendur að meta heimsóknina eftir að henni lýkur?

LYKILREGLUR FYRIR ÁRANGURSRÍKT SAMSTARF

Samvinna er lykilatriði! Ekki hræðast að tala við kennarann fyrir heimsóknina og nýttu þér reynslu kennarans til að skipuleggja markmið heimsóknarinnar og velja þau verkefni sem þú notar.

Búðu til öruggt námsumhverfi. Settu grunnreglurnar fyrir nemendur (sjá Heimsóknin), hagaðu þér jákvætt, ekki reyna að hræða og haltu málefnum ópersónulegu en þannig að hægt sé að tengja við það.

Ein stærð hentar ekki öllum. Ræddu við kennara um bekkinn fyrir heimsóknina og reyndu eftir bestu getu að aðlaga heimsóknina eftir þörfum nemenda bekkjarins. Tveir nemendur í sama bekk geta haft mjög mismunandi reynslu af málefni, en tveir bekkir í mismunandi landshlutum geta líka haft gjörólíka reynslu af sama málefni.

Upplýsingar eru ekki nóg. Hjalpaðu nemendum að þróa færni, aðferðir og viðhorf sem munu reynast þeim vel þegar kemur að efni heimsóknar. „Mikill minnihluti unglinga drekkur áfengi“ hjálpar oft meira heldur en að „áfengi er rosalega skaðlegt.“

Lögreglumaður á að vera aðgengilegur og sanngjarn. Framkoma þín í heimsókninni getur byggt upp ómetanlegt traust hjá ungu fólki til lögreglunnar almennt. Jákvæðni og vilji til að svara spurningum án þess að vera með hroka eða kaldhæðni er lykillinn.

Ekki reyna að hræða. Hræðsluaðferðir virka ekki og geta skaðað meira en hjálpað. Varastu að reyna að láta nemendur finna fyrir ótta eða skömm.


Leggðu mat á heimsóknina. Bæði persónulega og ræddu við kennarann um hvernig gekk og hvað mætti fara betur.

Ekki gefa leiðbeiningar. Langar sögur með of mikið af smáatriðum hjálpa engum og aldrei gera of mikið úr hvernig „allir voru hræddir“ við einhvern glæpamann eða annað sem gætu varpað jákvæðu ljósi á áhættuhegðun eða glæpsamlega hegðun.

Passaðu reynslusögurnar. Segðu endilega reynslusögur, en passaðu að þær séu viðeigandi.


Nýttu heimsóknina. Kíktu í kennarastofuna og ræddu við kennara og aðra starfsmenn. Fáðu þér göngutúr um ganga skólans og ef möguleiki er, fáðu þér hádegismat í matsalnum. Það sendir skýr merki til nemenda að þú sért bara venjuleg manneskja sem þau geta komið til og spjallað við.

EIR




SELUR
(HÁN)

EMBLA



LUNDI
(HÚN)

EMIL



LAMB
(HANN)

868

